

Nd.

187. Frumvarp til laga

[107. mál]

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða orðist svo:

Nú telur kona, sem óskilgetið barn elur eftir 1. janúar 1948, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hefur hér á landi í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, og getur hún þá snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafist rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 12. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta flytur nefndin samkv. beiðni félagsmálaráðherra, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi athugasemdir fylgdu frv. frá félagsmálaráðherra:

„Ákvæði laga nr. 87 frá 1947 til bráðabirgða er takmarkað við börn, sem fædd eru fyrir 31. desember 1947, enda hafi barnsmóðir snúið sér til dómara fyrir árslok 1949. Ákvæðið er því ekki lengur virkt.

Ástæðan fyrir þessum ákvæðum er enn til staðar og hefur alltaf verið til staðar síðan bráðabirgðaákvæðið gekk úr gildi, þar eð enn dvelja og hafa dvalið í landinu menn í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, sem getið hafa börn við íslenskum konum.

Nauðsyn ber því til þess, að orðalagi bráðabirgðaákvæðisins sé breytt svo sem til er lagt með frumvarpi þessu.

Meðan engin vitneskja liggur fyrir um það, hversu lengi menn í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila munu dvelja í landinu, er ekki í frumvarpi þessu gert ráð fyrir neinum lokafresti vegna málaleitunar barnsmæðra, en samkv. núverandi bráðabirgðaákvæði var frestur liðinn í árslok 1949. Þykir eðlilegt að gera ráð fyrir endurskoðun ákvæðis þessa, þegar menn í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila hverfa úr landi.

Frumvarp þetta er samið af félagsmálaráðuneytinu.“